

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm ehf Dýrafirði



Dags eftirlits	26.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Sindragötu 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Ólafsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Átta frávik komu fram í eftirliti. 1) Lekabyttur vantaði undir olútunnur bæði Eyrarhlíð I og II og einnig undir hættuleg efni í Eyrarhlíð II. 2) Hvíldarsýnartökum hefur ekki verið skilað inn 3) Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða. 4) Ársyfirliti var skilað of seint. 5) Grænu bókhaldi var skilað of seint. 6) Ófullnægjandi skráningar í grænu bókhaldi. 7) Útstreymisbókhaldi var skilað of seint. 8) Ófullnægjandi skráningar í ársyfirliti, framleiðslumagn ekki skráð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða kvíaeldisstöð í Dýrafirði. Starfsleyfið heimilar eldi á laxfiskum og má hámarkslífmassi ekki fara yfir 10.000 tonn á hverjum tíma. Leyfið nær til fjögurra staðsetninga, Haukadalsbót, Gemlufall, Eyrarhlíð I og Eyrarhlíð II og gildir til 6. maí 2037.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Farið var yfir eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma kvíar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Níu frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Heildarframleiðsla ársins 2024 var innan leyfilegra marka sem og fódurnotkun. Rekstraraðili tilkynnti ekki um útsetningu seiða í Eyrarhlíð I og II til eftirlitsaðila skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og er það því frávik. Útsetning á seiðum í kvíar var frá 26. apríl - 30. maí 2024. Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnatöku fyrir útsetningu seiða, í kvíar við Eyrarhlíð I og II bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu eða þann 20. ágúst 2024 sem er frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfi. Hvíldarsýnartöku þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. Frávikinu er lokað þar sem skýrslu um hvíldarsýnatöku var skilað inn 20. ágúst 2024. Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það því frávik, ársyfirlitinu var skilað inn 24. júlí og er frávikinu því lokað. Grænu bókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það því frávik, grænu bókhaldi var skilað 24. júlí og er frávikinu því lokað. Skráningar í ársyfirlitinu voru ófullnægjandi, vísað er í lið 6.1 í græna bókhaldinu um heildarframleiðslumagn ársins, þar er skráð sláturlífmassi. Efnanotkun er með ófullnægjandi skráningu í græna bókhaldinu þar sem efnanotkun er skipt jafnt á milli fjögurra starfsleyfa eða framleiðsluvæða, Dýrafjörður, Arnarfjörður, Patreksfjörður og Tálknafjörður og Ísafjörður og telst það því frávik. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það því frávik, útstreymisbókhaldi var skilað inn 24. júlí og er frávikinu því lokað.
- Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 6,8 kg P/frameitt tonn sem er innan leyfilegra marka í starfsleyfi.
- Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.
- Farið var í skoðunarferð á kvíar og í prammana í Eyrarhlíð I og II. Engar athugasemdir gerðar við umgengni og aðkomu.
- Um borð í þrómmunum var olía geymd í tunnum án lekabyttna og hættuleg efni í Eyrarhlíð II án lekabyttu en

öryggisblöð til staðar á báðum þrómmum. Meltugeymir var vel merktur.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.11 í starfsleyfi.	Olíutunnur voru ekki geymdar á lekabyttum á fóðurþrómmum við Eyrarhlíð I og Eyrarhlíð II, einnig voru efni geymd á gólfinu án lekabytta í Eyrarhlíð II.
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Hvíldarsýnatöku þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. Frávikinu er lokað þar sem skýrslu um hvíldarsýnatöku var skilað inn 20. ágúst 2024.
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara en sett var í kvíarnar 26. apríl til 30. maí 2024 en tilkynning barst eftirlitsaðila 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
Gr. 4.1 í starfsleyfi.	Ófullnægjandi upplýsingar voru í ársyfirliti, framleiðslumagn var ekki skráð.
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi. Sundurliðun á notkun hættulegra efna var ekki tilgreind á hvert starfsleyfi heldur deilt jafnt milli fjögurra starfsleyfa eða framleiðslusvæða; Dýrafjörður, Arnarfjörður, Patreksfjörður og Tálknafjörður og Ísafjörður.
Reglugerð nr.990 viðauki I, 7 b.	Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.